

1.-6.bekkur

Það er aðeins ólíkt eftir árgöngum í 1.-6.bekk hvort nemendur telji sig vita hvað þeir eigi að læra en ekki bara hvað þeir eigi að gera í skólanum. Stundum stendur það á töflunni og þá er það skýrara. Skiptar skoðanir eru á því hvort nemendur í 1.-6.bekk fái þá aðstoð frá kennurum sem þeir þurfa. Margir nemendur segja að það séu svo margir sem þurfi aðstoð að það gefist ekki tími til að hjálpa þeim. Flestir fá þó hjálp frá öðrum nemendum. Nemendur eru sammála um að vinnufrið er ábótavant í kennslustofunni. Þeir leggja til að breyta vinnuaðstæðum til að koma á betri vinnufrið, t.d. raða í sæti, minnka nemendahópa, endurraða í stofuhópa, nýta hópeflisleiki til að losa um orku, vinna að meira spennandi verkefnum o.fl. Góður námsmaður að mati nemenda í 1.-6.bekk er sá sem vinnur vel í kennslustundum, gerir sitt besta, einbeitir sér að því sem hann á að vera að gera og truflar ekki aðra. Að vera góður námsmaður er ekki að vera góður í öllu. Til að verða betri námsmenn leggja nemendur til að nemendur hlusti betur á kennarann, skipuleggi sig, nýti tímann í skólanum vel til náms, taki þátt í umræðum og fylgi reglum.

7.-10.bekkur

Í 7.-10.bekk ræddu nemendur að til þess að efla trú nemenda á eigin getu í námi þurfi foreldrar að fylgjast betur með náminu og gera raunhæfar væntingar. Gott væri að fá fleiri tækifæri til að tengja verkefni við áhugasvið. Nemendur þurfi meiri hvatningu og leiðsögn þegar þeir gera mistök og aðstoð þrátt fyrir að þeir spyrji um eitthvað sem þeir “ættu að vita”. Gott væri ef kennarar væru duglegir að gefa persónuleg hrós, t.d. í “private comment” á bekkjarrými.

Nemendur myndu vilja fá fleiri tækifæri til einstaklingssamtala við faggreinakennara.

Nemendur telja að ef kennarar nýttu meira sýnidæmi og fyrirmyndarverkefni væri skýrara hvað nemendur eiga að læra en ekki bara gera. Þeim finnst jafnframt gott að fá góða innlögn áður en þeir fara af stað í verkefnavinnu. Nemendur upplifa meiri tilgang með verklegum verkefnum og þykir þá skýrara hvað þeir eiga að læra en ekki bara gera. Nemendur ræða einnig að útskýringar á tilgangi verkefna skipti miklu máli.

Nemendur í 7.-10.bekk upplifa ekki að kennarar hafi það viðhorf að mistök séu til að læra af þeim. Þeir vilja fá meiri endurgjöf á verkefni sín og leiðsögn um það hvernig þeir geti gert betur og upplifa að mjög fáir kennarar gefi sér tíma í að gera uppbyggjandi athugasemdir. Fram kemur í einhverjum hópum að slík endurgjöf eigi sér einungis stað í íslensku, þar sé útskýrt munnlega hvað þeir gera vitlaust og þeim leiðbeint í rétta átt. Nemendur í 7.-10.bekk telja að kennarar hafi

ríkar væntingar til nemenda en finnst þeir ekki sýna það á jákvæðan hátt. Þeir upplifa að kennarar verði pirraðir ef nemendur skilja ekki eitthvað og séu neikvæður gagnvart því að útskýra nánar ef spurningin snýr að einhverju sem er búið að útskýra eða þeir eiga að vita, þetta geri það að verkum að nemendur óska síður eftir aðstoð.